



Reglur um fangaflutninga

1. gr. *Markmið*

Markmið reglna þessara er að tryggja að flutningar fanga séu samkvæmt lögum með sem öruggustum hætti og jafnframt til að koma í veg fyrir strok.

2. gr. *Ákvörðun um vistunarstað*

Skv. 14. gr. fullnustulaga nr. 49/2005 ákveður Fangelsismálastofnun í hvaða fangelsi afplánun skuli fara fram. Við ákvörðunina skal tillit tekið til aldurs, kynferðis og brotaferils fangans og þyngdar refsingar auk þeirra sjónarmiða sem gilda um vistun í hverju fangelsi fyrir sig.

3. gr. *Ákvörðun um flutning milli fangelsa*

Skv. 14. gr. fullnustulaga nr. 49/2005 getur Fangelsismálastofnun látið færa fanga milli fangelsa eða frá stofnun til fangelsis. Við slíkan flutning skal, eftir því sem aðstæður leyfa, hafa hliðsjón af búsetu fanga og fjölskyldu hans.

4. gr. *Ákvörðun um flutning milli deilda og klefa*

Skv. 14. gr. fullnustulaga nr. 49/2005 getur forstöðumaður fangelsis í öryggisskyni eða vegna sérstakra aðstæðna tekið ákvörðun um að flytja fanga á milli deilda og klefa. Ekki er skylt að gefa fanga kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin en gæta skal hagsmuna fangans í því sambandi.

5. gr. *Tilkynning um flutning*

Skv. 14. gr. fullnustulaga nr. 49/2005 skal fanga tilkynnt fyrir fram um flutning milli fangelsa með minnst sólarhrings fyrirvara og gerð grein fyrir ástæðum flutnings, nema hann teljist nauðsynlegur af öryggisástæðum, vegna heilbrigðis fanga, til að fyrirbyggja ofbeldi, hafi fangi gerst sekur um gróft agabrot, eða fyrir liggi rökstuddur grunur um að fangi hafi fíkniefni eða ólögmet lyf undir höndum.

Fanga er heimilt að láta aðstandendur sína og lögmann vita af flutningi milli fangelsa.

6. gr. *Framkvæmd flutninga*

Tveir fangaverðir skulu annast fangaflutning nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Leita skal á fanga bæði fyrir og eftir flutning út af fangelsissvæðinu.

Fangi skal ekki vera án gæslu nema þegar hann á viðtal við lækni eða annan sérfræðing sem hann á rétt á að ræða við í trúnaði.

Fangi má aldrei sitja við hlið bílstjóra og aldrei má skilja hann eftir einan í bifreiðinni.

Ekki er heimilt að taka við eða flytja sendingar fyrir fanga í fangaflutningi.

Farangri fanga skal komið þannig fyrir að hann geti ekki náð til hans.

Við fangaflutninga skulu flutningsmenn ávallt hafa á sér farsíma, handjárn og táragas.



7. gr.

Flutningur og fylgd

Þegar fangi fær að fara til tiltekinnar athafnar í fylgd getur forstöðumaður fangelsis, í sérstökum tilvikum, ákveðið að fangi verði án gæslu við athöfnina. Í slíkum tilvikum skal sérstaklega huga að strokleiðum og öðrum öryggisþáttum.

8. gr.

Notkun handjárna

Flutningsmenn ákveða, í samráði við varðstjóra eða forstöðumann ef sérstaklega stendur á, hvort afplánunarfangi skuli fluttur í handjárnnum. Við slíkt mat skal taka mið af hættu sem fangavörðum eða almenningi kann að stafa af fanganum og af brota- og afplánunarferli fangans. Í vafatilvikum skulu handjárn notuð.

Almennt skal flytja gæsluvarðhaldsfanga í handjárnnum. Ennfremur skal flytja fanga í handjárnnum í eftirfarandi tilvikum:

Við flutning erlendra fanga þar sem afplánunarferill þeirra er ekki þekktur.

Við flutning fanga sem hafa áður strokið úr afplánun/frá flutningsmönnum eða gert tilraun til slíks.

Við flutning fanga sem afplána refsingu fyrir alvarlegt ofbeldisbrot og hafa ekki fengið dagsleyfi.

Við flutning fanga sem flytja skal úr opnu úrræði svo sem frá Kvíabryggju, Bitru, Vernd eða úr meðferð og í lokað fangelsi.

Við flutning fanga sem hafa sögu um neyslu fíkniefna í afplánun.

Þegar fangar eru fluttir í handjárnnum fyrir dómara skal ekki losa þau fyrr en komið er inn í dómssal.

Flutningsmenn geta ákveðið í samráði við varðstjóra að gæsluvarðhaldsfangi sem ekki er í einangrun skuli fluttur án handjárna enda sé gætt sömu atriða og að ofan greinir.

Reglurnar eiga að jafnaði ekki við um fanga sem afplána refsingu í opnu fangelsi.

9. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar af Fangelsismálastofnun ríkisins og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur um fangaflutninga, dags. 1. desember 2006.

Fangelsismálastofnun ríkisins, 20. apríl 2010

Páll E. Winkel